

## Erindi til sveitarstjórnar vegna skólalóðar Flóaskóla og framkvæmda við Flóaskóla

1. Malbikun á plani við skólann
2. Geymslugámur við Þjórsárver

Nú eru framkvæmdir hafnar við Flóaskóla og ganga þær afar vel. Eftir vinnu undirbúningshóps er ljóst að ekki verður byggt, á því svæði sem gamla skólahúsnæðið stóð á, í nánustu framtíð. Þar er nú malarplan. Umferð um planið er takmörkuð við skólabíla. Við óskum eftir að þetta svæði verði malbikað, bæði til að skapa fallegri heildarmynd við skólahúsnæðið og auka öryggi þeirra sem að ganga um, en ekki síður til að unnt sé að skipuleggja leiksvæði nemenda með því að mála ýmiskonar afþreyingu s.s. pokovelli, slönguspil, París o.fl. á planið. Til að svo megi verða er mikilvægt að malbika þetta svæði. Þrif, snjómokstur og sópun verða einnig mun einfaldari sé allt svæðið malbikað, óhreinindi berast auðveldlega af þessu svæði inn í skólann sem liggur alveg að byggingunni.

Næstu ár standa fyrir dyrum framkvæmdir við Flóaskóla. Slíku ferli fylgja óhjákvæmilega ýmiskonar tilfærslur á húsbúnaði bæði lausum munum og innréttingum ýmiskonar. Oft þarf að geyma þennan búnað til lengri eða skemmri tíma. Það einfaldar geymslu og getur varnað skemmdum á búnaði ef hentug geymslulausn er á lóð skólans. Það er einnig í anda umhverfisverndar og endurnýtingar að eiga þess frekar kost að geta geymt efnivið og annan búnað þar til hægt er að nýta hann. Við óskum eftir upphitaðum 20 fm gám staðsettum við Þjórsárver til að mæta þessum þörfum.

*Bestu kveðjur*  
*Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri*  
*Sveinn J Ástvaldsson, húsvörður*  
*Brynjar J Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna*